



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra**  
**Haraldur Birgir Haraldsson**  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hella

Selfossi, 30. janúar 2019  
1901042HS SG

**Efni: Meiri-Tunga - Umsögn um deiliskipulagstillögu**

Þann 14. desember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Meiri-Tungu, 7 í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða nýja lóð sem stofnuð er úr landi jarðarinnar Meiri-Tungu 2 (landnr. 190166). Þar er fyrirhugað að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús í tengslum við búrekstur á jörðinni. Byggingareitur nýrrar lóðar er í um 300 m fjarlægð frá eldihúsum þar sem eru um 40.000 stæði fyrir þaueldi kjúklinga (á lóð með landnr. 220669) og er í samræmi við ákvæði um fjarlægðarmörk sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við tillöguna sem slíka.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri